
N O R Ð F I R Ð I N G U R

2. tölublað 1980 4. árgangur.

ÁRSHÁTÍÐ NORÐFIRÐINGAFÉLAGSINS
verður haldin í Félagsheimili
Seltjarnarness, laugardaginn
15. mars 1980 kl. 20:00

Matur: Kalt borð

Ræðumaður : Niels Ingvarsson

Skemmtiatriði: Eftirhermur, söngur
og fleira, sem til fellur.

Vínveitingar

Viðtakandi:

Árshátíð Norðfirðingafélagsins
Verður haldin laugardaginn 15.
mars í félagsheimili Seltjarnarness.
Hátíðin hefst með borðhaldi kl.20:00
Hátíðargestir okkar að þessu sinni
verða hjónin Borghildur Hinriksdóttir
og Niels Ingvarsson, sem mun segja
okkur frá ýmsu fróðlegu og skemmti-
legu frá fyrri tíð að heiman.
Skemmtidagskrá verður í höndum
okkar sjálfra en möguleiki er að
Jörundur eftirherma láti sjá sig
á staðnum. Ennfremur verður fjölda-
söngur undir stjórn Baldurs Karlssonar
Eftir borðhald verður dansað og
trallað af miklu fjöri við undirspil
fjörugs danstriós.

Áætlað er að suðurferð aldraðra
Norðfirðinga á vegum félagsmálaráðs
Nesk. verði um árshátíðarhelgina og
væntum við þess að sá hópur komi og
skemmti sér með okkur brottfluttu.

Verði miða hefur verið stillt mjög
í hóf og verður kr. 11.500 miðinn.
Ef einhverjir sjá sér ekki fært að
mæta fyrir en seinna um kvöldið verður
seldur aðgangur á ballið og kostar
þá miðinn kr. 4.000,-

Viljum við hvetja félagaga til að panta miða sem fyrst. Miðarnir verða seldir í félagsheimili Seltjarnarness fimmtudaginn 13. mars milli kl. 17-19. Borð verða einnig tekin frá á sama tíma.

Miðapantanir.

Friðrik	s. 39765	Eiríkur	s. 54574
Guðlaug	s. 86684	Hulda	s. 52642
Ólína	s. 44714	Sigurlaug	s. 42329

Á sólarcaffinu sem haldið var 27. janúar mættu tæplega tvö hundruð manns og var ánægjulegt að svo margir gátu komið og skemmt sér saman. Nú er bara að reyna að ná þeim fjölda á árshátíðina og nú má enginn láta sig vanta.

Ennþá vanta mikið á að allir Norðfirðingar hér á Reykjavíkarsvæðinu séu skráðir í félagið og er fólk hvatt til að láta vini og kunningja vita um árshátíðina og hvetja þá til að koma og skemmta sér með okkur. Takmarkið er að hátíðin standi undir sér fjárhagslega, en til að svo megi verða þarf vel á annað hundruð manns.

Eins og fram kom í síðasta blaði stendur yfir söfnun gagna í Sögurit Norðfjarðar og eru félagsmenn beðnir að leita vel í fórum sínum og ef eitthvað finnst að snúa sér til Ögmundar Helgasonar í síma 26068.

Og í lokin svona rétt í tilefni af árshátíðinni margumtöluðu

Hin gömlu kynni gleymast ei,
enn glóir vin á skál,
Hin gömlu kynni gleymast ei,
né gömul tryggðamál.

Mætum öll vel og stundvíslega. Þetta verður að öllum líkindum síðasta samkoma félagsins á þessum vetri. Á síðasta aðalfundi mættu rétt um þrjátíu manns og er það fremur dræm þátttaka þegar á það er litið að um þrjúhundruð manns eru skráðir í félagið.

NORÐFIRÐINGUR.

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Efstaland 6, R.

Ritstj. Friðrik Guðmundsson.